

Útdráttur

Markmið þessarar ritgerðar er að leita skýringa á ástæðum þess að fyrirtæki fá utanaðkomandi aðila til sjá um verkefni mannauðsstjórnunar, verkefni sem oft á tíðum hafa lent á herðum svokallaðra starfsmannadeilda. Auk þess er skoðað hvaða verkefnum er helst úthýst, af hverjum þeim er úthýst frekar en öðrum og hver reynsla fyrirtækja er af því. Notast er við eigindlega rannsóknaraðferð þar sem tekinn eru 11 djúpvíðtöl við starfsmannastjóra eða staðgengla þeirra í nokkrum íslenskum fyrirtækjum. Helstu niðurstöður eru þær að öll fyrirtæki sem rætt var við eru að leysa eitthvað af sínum starfsmannamálum utan fyrirtækis en misjafnlega mikið þó. Allir eru sammála um að ekki sé hægt að leysa starfsmannamál algjörlega utanhús heldur verði alltaf einhver að vera til staðar innan fyrirtækisins. Margar ástæður liggja að baki úthýsingu starfsmannamála hjá fyrirtækjum en almennt eru menn að leita eftir auknum gæðum og betri þjónustu. Hlutverk starfsmannadeilda hefur áhrif á hversu mikið af þessum verkefnum eru úthýst og stærð fyrirtækja og tíðni þessara verkefna virðist einnig skipta sköpum. Kostnaður við úthýsingu verkefna í mannauðsmálum er þáttur sem viðmælendur nefndu oft og virðist það í sumum tilvikum koma í veg fyrir að menn fari þessa leið. Almennt eru viðmælendur sáttir við þá þjónustu sem að þeir hafa fengið og telja gott að hafa þennan möguleika til staðar sérstaklega þegar um er að ræða tímabundna þjónustu.